

Skortur á tæknifólki gæti hamlað framþróun á Íslandi, segir nýr formaður Verkfræðingafélags Íslands

Á sérþekkingunni verður að taka mark

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbli.is

„Ábyrgð verkfræðinga í byggingarframkvæmdum er mikil, en á sama tíma verða gæði mannvirkja aldrei betri en heildarferlið að baki. Byggingargallar, rakavandamál og útbreidd mygla á síðustu árum hafa varpað ljósi á brotalamir í byggingargeiranum. Hér er uppbygging hröð og eftirliti er ábótavant,“ segir Helgi Gunnarsson, sem á dögunum var kjörinn formaður Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ). „Reynslan úr trésmíði gaf mér afar góðan grunn fyrir síðari störf. Í trésmíðinni lærði ég efnisnotkun og vandaða handverksvinnu, auk þess að vinna í hópum á verkstað. Slík verkmenntun nýtist vel sem undirbúningur fyrir tækninám. Það var ómetanlegt að hafa í grunninn þekkingu á praktískri hlið byggingarframkvæmda, sem hjálpaði mér að skilja námsefnið hratt,“ segir Helgi um bakgrunn sinn.

Leysa vandamál og stuðla að nýsköpun

Hlutverk verk- og tæknifræðinga í nútímasamfélagi er afar víðfeðmt. Helgi lýsir þessu sem svo að fólk menntað í þessum fræðum hanni og þrói innviði, tæki og tól, leysi tæknileg vandamál og stuðli að nýsköpun. Þetta hafi verið orðað sem svo að fólk sem er í VFÍ búi yfir sköpunarkrafti sem móti samfélag og umhverfi okkar með lausnamíðaðri hugsun og tækniþekkingu. Menntun á sviði tækni snerti í raun alla þætti nútímalífs, frá samgöngum og orkukerfum til heilbrigðis- og upplýsingatækni. Stuðli að framfarasókn þjóðfélagsins. Á Íslandi hafi verið skortur á verkfræðingum og tæknifræðingum um langt árabíl. Á sama tíma hafi viðfangsefni þessa hóps orðið sífellt víðtækari.

„Hlutfall háskólanema á Íslandi sem velja tæknigreinar er lægra en víða erlendis, sem er áhyggjuefni. Því er þessi skortur viðvarandi vandamál,“ segir Helgi og heldur áfram:

„Nú keppast fyrirtæki í mismunandi greinum, frá orkugeiranum til hugverkaiðnaðar, um hæft tæknifólk. VFÍ hefur varað við því að ef ekkert breytist kunni skorturinn að hamlar framþróun á Íslandi. Það er því brýnt að bregðast við með því að auka áhuga ungs fólks á vísindum og tækni og efla menntun í tæknigreinum. Þá er nauðsynlegt að kynna fyrir ungmennum hve mikil og fjölbreytt tækifæri felast í þessari menntun. Æ fleiri starfssvið og verkefni krefjast einfaldlega verkfræðiþekkingar og verkfræðin hefur þróast mikið síðustu áratugi samhliða aukinni tæknivæðingu í víðasta skilningi. Þá er mikilvægt fyrir samfélagið allt að röð þeirra sem hafa tæknilegan bakgrunn



Morgunblaðið/Eggert

Náttúruhamfarir Varnargarðar sem umlykja Grindavík eru merkileg hönnun tæknimanna sem í krafti þekkingar hafa náð að hemja reginöfl.

heyrist á hinu pólitíska sviði. Í dag er aðeins einn verkfræðingur á Alþingi; Ingvar Þórðsson úr Viðreisn.“

Verkfræði fyrir öryggi og velsæld

Á Íslandi blasir við að fara þarf í mikla uppbyggingu innviða, verkefni sem í eðli sínu er stórt verkfræðilegt viðfangsefni. „Innviðauppbygging væri óhugsandi án tæknimenntaðra. Þeir bera ábyrgð á grunnskipulagi samfélagsins. Mikilvægi þeirra sést ef eitthvað bregst. Ef brú brestur eða rafmagnslína leysir út, kemur strax í ljós hversu samfélagið reidir sig á verkfræðilega hönnun. Því er verkfræði grundvallarþáttur í uppbyggingu og viðhaldi innviða og þar með í öryggi og velsæld,“ segir Helgi. Bætir við að verk- og tæknifræðingar hafi í auknum mæli snertifleti við rekstur og stjórnun.

Verkefni nútímans krefjast ekki eingöngu tæknilegrar þekkingar heldur líka skilnings á rekstri, stjórnun og fjármálum.

„Tengingin milli verk- og viðskiptafræða kemur vel í ljós á vinnumarkaði; atvinnulífið sækist eftir fólki sem hefur blöndu af tæknikunnáttu og rekstrarskilningi. Í heildina má segja að tækni- og viðskiptamenntun eigi að fylgjast að þegar kemur að því að útfæra hugmyndir í raunverulegum verkefnum og koma nýjungum í framkvæmd. Verk- og tæknifræðingar með viðskiptaþekkingu eru betur en aðrir í stakk búnir til að gera góða hugmynd að veruleika.“

Brotalamir í byggingargeiranum

Pegar æ meira ber á mygluskemmdum í húsum vakna eðlilega spurningar um stöðu verkfræðinga og skyldra stétta með tilliti til hönnunar mannvirkjanna. Og sannarlega bera þeir mikla ábyrgð,



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Verkfræðingur Innviðauppbygging væri óhugsandi án tæknimenntaðra. Þeir bera ábyrgð á grunnskipulagi samfélagsins, segir Helgi í viðtalinu.

segir Helgi, en bætir við að gæði mannvirkja verði aldrei meiri en ferlið þar að baki.

„Byggingargallar, sérstaklega rakavandamál og útbreiddur mygluvandi síðustu ára, hafa varpað ljósi á brotalamir í byggingargeiranum. Í slíkum tilvikum vakna spurningar um ábyrgð um hver hefði átt að tryggja að byggt væri rétt. Þar hljóta yfirvöld, verkfræðingar og tæknifræðingar, ásamt arkitektum, byggingarstjórnun og verktökum, að líta í eigin barm,“ segir Helgi sem bendir á að gallar í byggingum séu samspil margra þátta. Oft megi rekja myglu og raka í nýlegum húsum til þess að margt hafi misfarist. Rangt efni hafi verið notað á röngum stað, hönnun ekki aðlöguð íslenskum aðstæðum eða eftirliti á framkvæmdastað ábótavant. Til að bæta úr þessu þurfi ítarlega skoðun og hafi VFÍ kallað eftir því að endurverkja formlega byggingarrannsóknir á Íslandi.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Kárahnjúkastífla Hönnun mannvirkisins var stórt verkfræðilegt úrlausnar-efni, eins og allar virkjunarframkvæmdir á Íslandi hafa raunar verið.

Hver er hann?

- Helgi Gunnarsson er fæddur árið 1980 og hefur víðtæka reynslu úr atvinnulífinu, bæði hérlandis og erlendis. Hann er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Vegagerðarinnar og var kjörinn formaður Verkfræðingafélags Íslands í apríl síðastliðnum.
- Áður starfaði hann meðal annars sem verkefnastjóri hjá Edlund A/S í Danmörku og hefur gegnt fjölbreyttum stjórnunarstörfum á sviði upplýsingatækni, reksturs og fjármála. Hann hefur leitt umbótaverkefni í opinberri stjórnsýslu. Helgi er trésmíður og tæknifræðingur að mennt frá IHK í Kaupmannahöfn og lýkur MBA-námi við Háskóla Íslands í næsta mánuði.

hafi breyst mikið á allra síðustu árum. Þar starfi reynsluboltar og yngra starfsfólk, sem komið hafi til starfa með mikla og góða reynslu af bæði innlendum og erlendum vettvangi.

Opinberar stofnanir þurfa að vera framsæknar

„Fjölbreyttur hópur eins og er hjá Vegagerðinni skapar mjög sterka menningu og deiglu góðrar þróunar. Eitt af því er breytingar í starfsmannaliði og fjölgun kvenna í stjórnendahópnum. Frá 2020 hefur hlutfall þeirra meðal stjórnenda stofnunarinnar farið úr fjórðungi í 40%. Opinberar stofnanir á borð við Vegagerðina þurfa að vera framsækna og sveigjanlegar. Með auknu fjármagni og tækni til að takast á við nýja tíma er líklegt að hún muni halda áfram að þróast, efla öryggi og skilvirkni í samgöngum landsins og tryggja að innviðir Íslands standist kröfur framtíðar,“ segir Helgi að síðustu.

Atvinnuhúsnæði – sérsniðnar lausnir

Eignaumsjón býður upp á heildarlausnir í rekstri atvinnuhúsnæðis

Með hlutlausum og faglegum vinnubrögðum gerum við rekstur atvinnuhúsnæðisins markvissari og ódýrari, auðveldum störf stjórnar, samskipti eigenda og/eða leigjenda, aukum samheldni, leysum ágreiningsmál og spörum tíma.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• **EIGNAumsjón**
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30 | Sími 585 4800 | 108 Reykjavík

Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

2021-2024
Fyrirmyndaryfirtæki
Tilskilningur 28.000 kr.

eignaumsjon.is

